



3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2009-2010

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 15. október 2009 kl.14:00

Mættir: Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

1. Afgreiðsla umsókna um þátttöku Vaxtarsamnings Norðausturlands í verkefnum

Farið yfir endurskoðaða rekstraráætlun vaxtarsamningsins vegna ársins og forsendur úthlutunar en skv. áætluninni eru allt að 30,3 mkr. til ráðstöfunar til þátttöku í verkefnum.

Kynnt og afgreitt samningsform vegna samninga við samstarfsaðila um þau verkefni sem vaxtarsamningur tekur þátt í.

Farið yfir einstakar umsóknir og þær afgreiddar. Samtals er um að ræða 21 umsókn þar sem heildarupphæð þess sem sótt er um er tæpar 70 mkr.

Samþykkt að taka þátt í eftirtöldum verkefnum:

Samstarf safna og sýninga í Þingeyjarsýslum	kr. 425.000,-
Sail Húsavík 2011	kr. 2.000.000,-
Þingeyska matarbúrið	kr. 3.000.000,-
Jólasveinarnir í Dimmuborgum-töfraland jóllanna	kr. 1.000.000,-
GEBRIS – samstarfsverkefni	kr. 3.910.000,-
Norðausturland.is	kr. 2.000.000,-
Upplifum landið – geotourism	kr. 1.000.000,-
Nýting íslenskra berja	kr. 1.000.000,-
Myndun og uppbygging þekkingarklasa í Langanesbyggð	kr. 3.000.000,-
Stefnumótandi ferðamálaætlun – framkvæmd verkefna	kr. 3.000.000,-

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum um þátttöku í verkefnum á grundvelli fyrirliggjandi samningsforms og þeirra fjárframlaga sem að ofan greinir. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að gera öllum umsækjendum grein fyrir afgreiðslu þeirra umsókna sem fyrir lágu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:20